

**204. fundur stjórnar Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar,  
mánudaginn 9. janúar 2017.**

Fundarmenn:

Stjórnarmenn: Bjarni Th. Bjarnason, Snorri Finnlaugsson, Unnar Jónsson og Þórunn Sif Harðardóttir  
Steinunn María Sveinsdóttir var í síma

Starfsmenn: Baldvin Valdemarsson, Sigmundur Einar Ófeigsson og Elva Gunnlaugsdóttir (ritaði fundargerð)

---

Fundur settur kl. 16.15

**1. Undirritun fundargerðar nr. 203 stjórnarfundar**

Fundargerð síðasta fundar undirrituð án athugasemda

**2. Framlag sveitarfélaga til AFE og nauðsynleg hækkun**

Kynnt var á haustfundi AFE að hækka þyrfti framlög. Stjórn samþykkir að leggja til 20% hækkun á framlögum sveitarfélaga til AFE á aðalfundi í apríl næstkomandi. Stjórn felur starfsfólki að senda bréf á sveitarfélögin til kynningar.

**3. Fundarplan fyrri hluta 2017**

Stjórn mun funda á mánudögum kl. 16.15, og verða fundirnir 6. febrúar, 13. mars, 24. apríl (aðalfundur) og 8. maí.

**4. Dysnes þróunarfélag**

Stjórnar- og aðalfundur var haldinn í síðustu viku. Þörf og vilji að halda áfram að vinna að Dysnesi. Tillaga var lögð fyrir fundinn að Hörgársveit kæmi inn í félagið, það var samþykkt og greiði Hörgársveit þá 1 m.kr hlutfé. Kom fram á fundinum að það hefur verið gott samstarf við sveitarfélagið.

Hafnar eru fornleifarannsóknir á Dysnesi.

Æskilegt væri að ná í starfsemi á Dysnes sem krefðist flutninga, þá væri borðleggjandi að hafnsækin þungastarfsemi flyttist frá Akureyri út á Dysnes.

**5. Hlíðarfjall**

Rætt var um að undirbúa auglýsingu vegna reksturs Hlíðarfjalls til birtingar.

Sigmundur fór lauslega yfir rekstur Hlíðarfjalls 2015 og 2016. Áhersla lögð á að starfsfólk kæmi auglýsingu út sem fyrst, helst nú í janúar

**6. Önnur mál**

Svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar verður vistuð hjá AFE. og verður gerður skriflegur samningur milli nefndarinnar og AFE.

Þann 9. desember lauk umsagnarfesti um frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða. Svo virðist sem ekkert sveitarfélag í Eyjafirði né stofnanir hafi fengið frumvarpið til umsagnar. Formaður svæðisskipulagsnefndar og AFE eru með málið til athugunar, en frumvarpið er í raun að taka skipulagsvaldið af sveitarfélögum.

Ekki var fleira rætt á fundinum, næsti fundur verður 6. febrúar.  
Fundi slitið 17:20

Guðbjörg

Þórunn Þórunn  
Þórunn Þórunn

Þórunn Þórunn  
Þórunn Þórunn